



Fundargerð

Nefnd: **Skipulags- og byggingarnefnd**

Nr. fundar: **114**

Dags: **03.05.2011**

Fundarmenn: Eyjólfur K. Kolbeins, Eyþór H. Ólafsson, Kristín Dagbjartsdóttir, Njörður Sigurðsson og Björn Kjartansson, sem mætti í forföllum Friðriks Sigurbjörnssonar. Ennfremur sátu fundinn Pálína Snorradóttir, sem mætti í forföllum Ármanns Ægis Magnússonar, fulltrúa fatlaðra, Snorri Baldursson, slökkviliðsstjóri og Guðmundur F. Baldursson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundurinn var haldinn kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins að Sunnumörk 2.

Eyjólfur K. Kolbeins setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun.

Fundi slitið kl. 18:20.

Mál fyrir fundi

Nr. 1

Málsnr. 201103913067

Heiti máls Vorsabær, brunavarnir - Gámasvæði

Lýsing Lagt fram bréf frá Brunavörnum Árnassýslu, dags. 14/03/2011, þar sem óskað er eftir afnotum af hluta geymslusvæðis sunnan við skólphreinsistöðina, fyrir gáma sem notaðir verða til reykköfunaræfinga. Meðfylgjandi er afstöðumynd af svæðinu gerð af Verkfræðistofu Suðurlands dags. 1/03/2011. Á svæðinu eru nú fjórir 40 feta gámar í eigu Slökkviliðs Hveragerðis. Óskað er eftir leyfi til að setja gáma ofan á þá gáma sem fyrir eru til að geta líkt eftir aðstæðum í tveggja hæða húsum. Einnig er óskað eftir því að staðsetja sérsníðaðan yfirtendrunargám til æfinga á svæðinu og aðstöðugám. Á svæðinu verður einnig 40 feta geymslugámur Hjálparsveitar skáta í Hveragerði. Varðandi mengun af starfseminni þá er ekki ráðgert að halda klippuæfingar á svæðinu. Því verður ekki hætta á mengun frá bílflökum. Gert er þó ráð fyrir vinnu með klippubúnað til þess æfa björgun fastklemmdra úr húsarústum og öðru manngerðu braki. Einhver loftmengun er óumflýjanleg þegar timbur og hálmur er brenndur í gámunum til þess að búa til hita og reyk. Slíkri mengun verður haldið í algjöru lágmarki.

Lögð fram afgreiðsla bæjarráðs á erindinu dags. 17/04/2011 þar sem því var vísað til skipulags- og byggingarnefndar, sem taki sérstaklega til skoðunar útlitsleg áhrif af framkvæmdunum.

Afgreiðsla *Nefndin hefur skoðað aðstæður á staðnum og telur að gámarnir muni ekki vera áberandi í landinu. Séð frá þjóðvegi á móts við Varmá mun einungis sjást í gáma á annarri hæð. T.d. mætti mála þá í jarðlitum.*

Nefndin leggur til að Brunavörnum Árnassýslu verði veitt stöðuleyfi fyrir gámunum til eins árs á grundvelli 71.2 gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Jafnframt leggur nefndin til að gerð verði tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðar skólphreinsistöðvarinnar þar sem gert verði ráð fyrir þessari starfsemi.

Nr. 2

Málsnr. 201104153139

Heiti máls Hverahvammur, mhl. 04, breyting á útliti og innra skipulagi.

Þjóðskr.nr. 8176-01-9998-3800

Teg. bygg. Atvinnuhúsnæði

Eigandi Frost og Funi ehf 4210911109 Hverhamar 810 Hveragerði

Lýsing Sótt er um byggingarleyfi fyrir breytingum á útliti og innra skipulagi matsluta 04. Húsið, sem nú er móttökuhús verður breytt í þriggja herberja gistihús. Umsókn um byggingarleyfi er dagsett 12/05/2011 og breyttar teikningar dags. 04/01/2011.

Stærðir 71.3 m² 244.4 m³ **Hönnuður** Sigurður Þorleifsson 2411483009

Afgreiðsla *Málið lagt fram til kynningar. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni.*

Nr. 3

Málsnr. 201104683149

Heiti máls Kambahraun 42, bílskúr endurbygging og stækkun.

Þjóðskr.nr. 8716-01-47630420

Teg. bygg. Íbúðarhús

Eigandi Ari Ísberg 3105644199 Kambahrauni 42 810 Hveragerði

Lýsing Sótt er um leyfi til að endurbyggja bílgeymslu á núverandi sökkli og stækka hana einnig um 18,4 fermetra þannig að hún verði samtals 68,7 fermetrar að flatarmáli. Jafnframt lagðar fram reyndarteikningar af einbýlishúsi en húsið, botnplata og milliveggir voru endurbyggðir eftir tjón, sem varð á húsinu í Suðurlandsskjálftanum 29. maí 2008. Meðfylgjandi umsókn dags. 29/04/2011 og uppdrættir eru dags. breyttir 01/05/2011

Stærðir 227.9 m² 836.2 m³ **Hönnuður** Þorleifur Eggertsson 0401634849

Afgreiðsla *Nefndin leggur til við bæjarstjórn að fyrirhugaðar breytingar á bílskúr fari í grenndarkynningu, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin gerir ekki athugasemdir við reyndarteikningar af íbúðarhúsi.*

Nr. 4

Málsnr. 201104163150

Heiti máls Grænamörk 10, breyting á húsnæði.

Þjóðskr.nr. 8716-01-99985100

Teg. bygg. Atvinnuhúsnæði

Eigandi Náttúrulækningafélag Íslands 4404912199 Laugavegi 7 101 Reykjavík

Lýsing Sótt er um að breyta notkun á rými, sem áður var aðstaða fyrir sundlaug (matsluta 11, sem nú er aflögð). Milliveggir verða fjarlægðir og rýmið gert af testofu skv. meðfylgjandi uppdrætti dags. 18/04/2011.

Stærðir 2354.8 m² 8515.0 m³ **Hönnuður** Sigurður Þ Jakobsson 1007456589

Afgreiðsla *Málið lagt fram til kynningar. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni.*

Nr. 5

Málsnr. 201104413151

Heiti máls Reykjamörk 18, tjaldsvæði, rofaskápur.

Þjóðskr.nr. 8716-01-69430180

Teg. bygg.

Eigandi Rarik ohf 5202692669 Dufþaksbraut 10 860 Hvolsvöllur

Lýsing Sótt er um leyfi til að staðsetja háspennurofaskáp á lóðinni Reykjamörk 18, sbr. meðfylgjandi bréfi dags. 29/04/2011 ásamt yfirlitsmynd. Gerðar eru tvær tillögur um staðsetningu skápsins, A) Sunnan við núverandi innkeyrslu og B) í SV horni lóðarinnar.

Stærðir 4.1 m2 8.5 m3 **Hönnuður** Sigurður Þ Jakobsson 1007456589

Afgreiðsla *Nefndin leggur til við bæjarstjórn að staðsetning rofaskápsins sunnan við núverandi innkeyrslu inn á tjaldsvæðið, sbr. tillögu A, verði samþykkt. Nefndin hefur yfirfarið deiliskipulag tjaldsvæðissins og telur að tillagan brjóti ekki í bága við það.*

Nr. 6

Málsnr. 201103313089

Heiti máls Suðurlandsvegur, framkvæmdir á vatnsverndarsvæði.

Lýsing Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dags. 11/03/2011, þar sem fram kemur álit þess á tillögum er varða mengunarvarnir og mótvægisáðgerðir á nærsvæði vatnsverndar í Kömbum vegna framkvæmda við tvöföldun Suðurlandsvegar. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands getur fallist á notkun gljúpari jarðvegs í vegflága en gert er ráð fyrir í matsáætlun. Að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eykur breytingin möguleika á að ná upp olíu en krefjist sneggri viðbragstíma hreinsunar vegna mengunarslysa.

Afgreiðsla *Nefndin gerir ekki athugasemd við álit Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*